



ICELANDIC A1 – STANDARD LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL MEDIO – PRUEBA 1

Monday 22 May 2006 (morning)
Lundi 22 mai 2006 (matin)
Lunes 22 de mayo de 2006 (mañana)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only. It is not compulsory for you to respond directly to the guiding questions provided. However, you may use them if you wish.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages. Le commentaire ne doit pas nécessairement répondre aux questions d'orientation fournies. Vous pouvez toutefois les utiliser si vous le désirez.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento. No es obligatorio responder directamente a las preguntas que se ofrecen a modo de guía. Sin embargo, puede usarlas si lo desea.

Fjallið um **annan** af eftirfarandi textum:

1. (a)

Hvar er ég?

Ég er ekki viss.

Þó ekki þar sem ég vildi vera.

Herbergið er mjög lítið. Fimm skref á breidd, sjö á lengd. Á hælahaum skóm. Magli,
5 ítölskum, keyptum síðast þegar ég var í Róm. Gólfúkurinn er gljábónaður, grár með ljósum
yrjum sem engu munstri fylgja. Það slær á hann grænleitum blæ. Sem leitar upp eftir veggjunum,
ljósmáluðum í lit sem trúlega er sérstaklega valinn til að virka bæði hjartur og róandi. Eins og
allt annað í þessu herbergi. En í skímunni frá náttlampanum fær það á sig grænleitan blæ, verður
óraunverulegt, allt að því ójarðneskt, þetta herbergi; eins og ég sé stödd einhvers staðar á mörkum
10 veruleikans, milli tveggja heima, sem ég kannski er.

Það eru engin húsgögn í þessu herbergi nema rúmið, náttborðið, og svo stóllinn sem ég sit
í. Rúmið og náttborðið hvít og nýtískuleg, fúnksjónell, hægt að hækka þau og lækka, breyta og
laga á alla kanta eftir óskum og þörfum. Aðeins stóllinn gamall, harður og hnúskóttur. Stóll sem
greinilega hefur verið mikið notaður. Ef til vill hafður hér til að minna sitjendur sína á að lífið sé
15 ekki nein lúxuslega í mjúku hægindi. Hvað veit ég. Að minnsta kosti er hann nógu harður þessi
stóll. Á veggnum til hliðar vaskur og spegill. Og á náttborðinu þessar fresíur. Sem ég ætlaði að
henda. Lýsa í grænleitri birtunni. Svo léttúðugar og lifandi, fullar kátínu eins og vorkvöld eða vals
eftir Chopin. Eða meina ég marsúrka?

Yfir rúminu kross. Svartur.

20

Hvar ertu Nína?

Áðan hrökk ég upp, allt í myrkri, og ég vissi ekki hvar ég var stödd, mundi ekki hvar ég var
eða hvers vegna. Og þetta augnablik milli svefns og vöku, þetta andartak þegar allir vöðvar eru
spenntir til átaks gegn hættunni, gegn hinu óþekkta, flæddi yfir mig þrá, löngun eftir að í myrkrinu
biði hlýtt hold, að hönd mín snerti heitan lifandi líkama (eins og svo oft á árum áður þegar ég
25 vaknaði upp á ókunnum stað), og hún var svo sterk þessi þrá, svo sár að ég greip andann á lofti,
fann tár spretta fram, heit, sviðandi, því á bak við var vissan um að hönd mín gripi í tómt.

Það kom mér á óvart. Ég hef ekki fundið að neitt vantaði í líf mitt.

En svo þegar hönd mín rakst í kalt stálið þá mundi ég hvar ég var, mundi hvers vegna. Og
ég æddi upp úr stólnum og að rúminu, fálmaði í lampann á veggnum, fann snúru, kippti í, aftur og
30 aftur, hugsaði: Ég fer, verð ekki hér, hringi í Mörtu, fer! Myrkrið að kæfa mig. En þá skyndilega
ljós. Og ég heyrði veikan andardrátt, örveikan, en andardrátt samt, og hneig aftur niður í stólinn,
yfirkominn af þakklæti og létti. Hún andaði enn. Sem er í sjálfu sér fáránlegt, því þess vegna er ég
hér, þess vegna sit ég í þessum harða og óþægilega stól í þessu litla herbergi sem þrengir að mér á
alla vegu. Þess vegna bíð ég hér. Bíð þeirrar stundar að hún hætti að anda.

Fríða Á. Sigurðardóttir, *Meðan nóttin liður*, 1990

- Hvaða tilfinningar er fjallað um í textanum?
- Hvers konar andrúmsloft er skapað í textanum?
- Hvaða áhrif skapar höfundurinn með fyrstu persónu frásögn?
- Hvernig finnst þér aðstæðurnar sem textinn lýsir endurspegla þema textans?

1. (b)

ert þú þessi bogi
þessi bogi sem birtist mér
stundum í rigningu

5 getur það verið
að þú sért í birtingar-
forminu regnbogi núna

er það virkilegt
eða er ég bara að búa það til
er ég að verða vitlaus

10 sko – þetta er svona:
fyrst sá ég hann hálfan
rísa í vestri úr viðey

og mánuði seinna sá ég
samskonar boga tæplega hálfan
15 rísa í austri úr engey

og síðan í morgun
í morgun hékk bútur úr boga
í miðjunni

og núna rétt áðan
20 sá ég óskýran boga eins og
geislabaug sveipast um sólfarið

vott af boga úr regni
og ljósi sem sást varla
og sést aldrei meir

Linda Vilhjálmsdóttir, *öll fallegu orðin*, 2000

- Hvernig er hægt að túlka hlutverk regnbogans í ljóðinu?
- Hvers konar andrúmsloft er skapað í ljóðinu?
- Hvernig er tungumálinu beitt í ljóðinu?
- Hvert finnst þér vera þema ljóðsins og sjónarhorn?